

## Ályktun um aukið fjármagn fyrir löggæslu á Vestfjörðum

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnarfirði, 18. og 19. október 2024, skorar á dómsmálaráðherra og stjórnvöld að beita sér fyrir auknu fjármagni til að efla löggæslu í umdæmi löggreglunnar á Vestfjörðum ásamt því að efla landamæraeftirlit og styrkja almannavarnahlutverkið á Vestfjörðum.

### Greinargerð:

Umsvif og umfang löggæslu á Vestfjörðum hefur aukist undanfarin ár án þess að fjöldi löggreglufólks hafi aukist á sama tíma. Löggreglan og löggæsla er mikilvægur hluti af innviðum samfélagsins og mikilvægt að viðbragð og geta hennar til að takast á við aukin verkefni sé tryggð.

Dæmi um breytingar á undanförnum árum eru:

- Aukinn íbúafjöldi.
- Aukin umferðaþungi (ferðafólk) á vegum í umdæminu.
- Aukinn þungi stórra ökutækja á vegum í umdæminu, bæði vöru og fólksflutningar.
- Aukinn fjöldi skemmtiferðaskipa sem koma til hafna á Vestfjörðum með tilheyrandi önnum (flestir innviðir koma með einum eða öðrum hætti að verkefnum sem af þessum fjölda hlýst, s.s. löggregla, sjúkraflutningar, heilbrigðisstofnanir og fl.)
- Aukin áhersla á svk. samfélagslöggæslu (aukið forvarnasamstarf löggreglu með börnum, foreldrum þeirra og stofnunum sem vinna með einum eða öðrum hætti með börnum).
- Auknar áherslur á aðkomu löggreglu vegna vegabréfaskoðunar og eftirliti með útlendingum með hliðsjón af landamæraeftirliti (Schengensamstarfið).
- Aukin áhersla á styttri viðbragðstíma löggreglu. Þar er m.a. áskorun hversu fámennt löggregluliðið er ekki síst m.t.t. langra vegalengda milli starfsstöðva (Hólmavík-Patreksfjörður-Ísafjörður).
- Aukin áhersla á almannavarnir, s.s. viðbragðsáætlanir, æfingar og verkefni.
- Aukin krafa um styttri málsmeðferðatíma mála sem koma til rannsóknar hjá löggreglu.
- Auknar kröfur til löggreglu á öllum sviðum og fjölmörg verkefni sem ekki hafa verið tíunduð hér að ofan.

Jafnframt má nefna að önnur löggreglumdæmi á landinu hafa fengið aukin stöðugildi ásviði almannavarna og landamæraeftirlits, en hvoru tveggja þessara verkefna hefur aukist til muna á síðustu árum í umdæmi löggreglunnar á Vestfjörðum.

Kröfur vegna landamæraeftirlits hafa aukist verulega síðustu ár í öllu umdæminu m.a. vegna komu skemmtiferðaskipa.

Það er því veruleg uppsöfnuð þörf til að fjölga almennu löggreglufólki um a.m.k. fjögur stöðugildi ásamt því að fjölga um tvö stöðugildi sem sinna landamæraeftirliti og almannavörnum.